

## Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks – Selvogsbraut Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus leitar eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks. Á heimilinu er veitt einstaklingsmiðuð aðstoð með áherslu á valdeflingu og sjálfstætt líf. Um er að ræða 100% starf.

### Ábyrgðarsvið:

- Faglegt starf og þjónusta við íbúa
- Daglegur rekstur heimilisins, stjórnun og starfsmannamál
- Innkaup fyrir heimilið
- Einkafjármunir íbúa og heimilissjóður samkvæmt umboði
- Gerð áætlana fyrir heimilið s.s. launa- og fjárhagsáætlanir
- Fjármál og eftirlit með þeim
- Meðferð gagna og upplýsinga
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og samning sameinuðu þjóðanna.

### Hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfari eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannamálum æskileg.
- Reynsla af skipulagi starfs á sviði þroskaþjálfunar æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Þjónustulund, góð framkoma og snyrtimennska
- Þekking á lögum sem snúa að málaflokknum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar af Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, sími: 483-4000, netfang [maria@hveragerði.is](mailto:maria@hveragerði.is)

Umsóknum skal skilað til Sveitarfélagsins Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið [maria@hveragerði.is](mailto:maria@hveragerði.is). Með umsókn skal skila upplýsingum um nám og starfsferil.

Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 24. júlí 2017.